

SKÝRSLA
RÁÐGJAFANEFNDAR UM UNDIRBÚNING
SÉRSTAKS KYNNINGARÁTAKS ÍSLANDS
Á SVIÐI MARKAÐSMÁLA


SEPTEMBER 1989

SKÝRSLA
RÁÐGJAFANEFNDAR UM UNDIRBÚNING
SÉRSTAKS KYNNINGARÁTAKS ÍSLANDS
Á SVIÐI MARKAÐSMÁLA

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	bls.	2
Skipurit	"	4
I. <u>Skýrsla ráðgjafanefndar um undirbúning</u>		
<u>sérstaks kynningarátaks á sviði</u>		
<u>markaðsmála</u>	"	5
- Formáli	"	5
- Inngangur	"	6
- Alþjóðleg umhverfisverndun	"	8
- Heilsuvernd og forvarnir á sviði		
heilbrigðismála	"	8
- Þátttaka í alþjóðlegum fjármálamarkaði	"	9
- Útflutnings- og ferðamál og fjármögnun	"	11
- Niðurlag	"	13
II. <u>Skýrsla DOX LTD.</u>	"	15
- Um skýrsluna	"	16
- Inngangur	"	17
- Fimm megin þættir	"	18
- Umhverfismálin og umheimurinn	"	18
- Stóra-Bretland sem markaður	"	20
- Ferðaþjónusta	"	22
- Viðskipti	"	24
- Heilsubót	"	24
- Útflutningur á orku	"	25
- Fiskur	"	25
- Helstu tillögur í hnotskurn	"	26
- Verðlaun á veraldarvísu	"	27
- Söluskrifstofa í Bretlandi	"	27
- Viðauki	"	28
III. <u>CINDI - Forvarnir langvinnra sjúkdóma</u>	"	33

IV.	<u>Ísland, fjármálaland framtíðarinnar</u>	bls.	41
-	" " "	"	42
-	Breytingar skapa tækifæri	"	42
-	Styrkleikar Íslands	"	44
-	Dæmi um tækifæri: Samtvinnun fjármála og ferðamála	"	46
-	Mikilvægt að halda sérstöðu	"	47
-	Stefnumarkandi úttekt, endurskilgreining auðlinda	"	47
-	"Electronic free zones"	"	49
-	Niðurlag	"	50
V.	<u>Aðferðir til að styrkja ímynd Íslands sem þjóðar sem annat er umhverfismál</u>	"	51
-	Útdráttur	"	52
-	Um ímynd Norðurlandapjóðanna	"	52
-	Um þróun íslenskrar ímyndar	"	54
-	Þróun umhverfismála í heiminum	"	57
-	Sjálfstæðar stofnanir og verðlaun	"	59
-	Um staðsetningu umhverfismálastofnunar á Íslandi	"	61




FORMÁLI


Ráðgjafanefnd sem forsætisráðherra Steingrímur Hermannsson skipaði hinn 6. janúar 1989, til að undirbúa sérstakt kynningarátak Íslands á sviði markaðsmála, sölumála og ferðamála hefur með skýrslu þeirri sem hér fylgir á eftir lokið störfum.


Sem sérstök fylgiskjöl, en jafnframt sem hluti af skýrslu nefndarinnar, fylgja fjórar sjálfstæðar skýrslur. Í fyrsta lagi er um að ræða úttekt DOX LTD. á hugmyndum um markaðssetningu Íslands. Í öðru lagi er um að ræða grein Hrafns Friðrikssonar um heilbrigðismál og verkefnið CINDI. Í þriðja lagi grein Gunnars H. Hálfðánarsonar um fjármál og í fjórða lagi grein Trausta Valssonar um umhverfismál. Auk framangreindra fylgigagna hefur nefndin í störfum sínum aflað ýmissa annarra gagna og upplýsinga sem komið geta að góðum notum við frekari umfjöllun efnisins síðar.


Nefndin leggur áherslu á niðurlag skýrslu sinnar um að stefnumarkandi ákvörðun verði tekin af hálfu stjórnvalda sem fyrst og málinu komið á framkvæmdastig.


Baldvin Jónsson


Björn Theódórsson


Jón Sveinsson


Magnús Gunnarsson


Ragnhildur Hjaltadóttir


Stefán Friðfinnsson


Kjartan Lárusson

Skýrsla ráðgjafanefndar um undirbúning sérstaks kynningarátaks.

INNGANGUR

Í janúar sl. skipaði Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra, sérstaka ráðgjafanefnd ríkis- og einkaaðila til að undirbúa sérstakt kynningarátak á Íslandi erlendis. Í nefnd þessa voru skipuð: Björn Theódórsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Flugleiða, Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Kjartan Lárusson, formaður Ferðamálaráðs, Magnús Gunnarsson, formaður Útflutningsráðs, Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, Stefán Friðfinnsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra og Baldvin Jónsson, auglýsingastjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Ráðgjafanefndin, sem með þessari skýrslu hefur lokið störfum sínum, var sammála um að nauðsynlegt væri fyrir Íslendinga að marka sjálfstæða stefnu í landkynningarmálum á alþjóðavettvangi. Stefnu þessa þarf að útfæra

á skipulegan hátt þannig að hún undirstriki sérstöðu lands og þjóðar í hugum útlendinga. Jákvæð ímynd Íslands getur síðan orðið til þess að styrkja sölustarf íslenskra fyrirtækja erlendis jafnframt því sem hún myndi auka áhuga útlendinga á að leita eftir þjónustu hér á landi. Nefndin var sammála um að Ísland hefði góða möguleika á að vera frumkvöðull skynsamlegrar umhverfisverndar á alþjóðavettvangi. Frumkvæði Íslands í að stuðla að hreinna umhverfi, heilbrigðara lífi og skynsamlegri nýtingu náttúrunnar myndi hæfa mjög vel landinu, vörum þess og þjónustu, í markaðssókn erlendis, hvort sem rætt væri um fyrirtæki í matvæla- eða ferðaiðnaði.

Frumkvæði Íslands á sviði umhverfismála getur virkað mjög jákvætt fyrir sérstöðu okkar á sviði útflutnings á sjávarafurðum í samkeppni við vörur sem koma annars staðar frá í heiminum. Á sama hátt er jákvæð umfjöllun um Ísland í tengslum við umhverfismál æskileg forsenda til að auka og efla áhuga erlendra aðila á að heimsækja landið. Jákvæð umfjöllun um Ísland á sviði umhverfismála og frumkvæði í þá veru er því mjög jákvæður þáttur fyrir tvær helstu atvinnugreinar landsmanna, - þ.e. útflutning sjávarafurða og ferðamál. Nefndin kynsir hér hugmyndir um umhverfismál, heilbrigðismál og fjármál í tengslum við slíka stefnumörkun ásamt hmyndum um hagræðingu á sviði almennrar kynningar og útflutningsmála og mögulegri frambúðarfjármögnun.

ALPJÓÐLEG UMHVERFISVERNDUN

Íslendingar geta tekið fúmkvæðið í umhverfismálum og nýtt sér árangur skipulegra kynningarherferða og markaðsaðgerða. Fram hefur komið hugmynd um umhverfisverndarverðlaun á heimsmælikvarða sem er mjög áhuga- verð. Ýmis kynningarfyrirtæki erlendis, sem rætt hefur verið við, telja jafnvel auðveldara að koma umhverfisverðlaunum á framfæri á alþjóðavettvangi en Nóbelsverðlaununum en þau væru einnig mjög í takt við tíðarandann þar sem þau höfðu til skoðana og áhugamála almennings. Þessa hugmynd verður þó að undirbúa og útfæra mjög vel, þar sem ekki er alveg ljóst hverjir verðlaunahafarnir yrðu, hvort sem um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki eða jafnvel lönd. Í greinargerð sem þessari skýrslu fylgir er gerð tillaga um að koma á fót umhverfismálastofnun á Íslandi, stofnun sem myndi reyna að ná alþjóðlegri stöðu og viðurkenningu með því að veita ár hvert áður nefnd umhverfisverndarverðlaun.

HEILSVERND OG FORVARNIR Á SVIÐI HEILBRIGÐISMÁLA

Á Íslandi eru góðar aðstæður til heilsuræktar. Í jarðvarmanum er mikilvæg heilsulind og heilsustéttirnar eru fjölmennar og vel menntaðar. Á Íslandi eru góðar aðstæður til að stuðla að heilbrigðu lífi í óspilltri náttúru og miklir möguleikar eru á því að byggja upp heilsuræktarstöðvar þar sem þjóða mætti bæði einstaklingum og hópum aðstoðu til hvíldar og endurhæfingar. Á árinu 1984 gerðist Ísland aðili að samvinnuverkefninu "CINDI" sem er skiplagt af alþjóðheilbrigðismálastofnuninni "WHO". Íslendingar gætu tekið forystu í forvarnaraðgerðum, fyrst með aðstoð við Íslendinga en síðar mætti með kynningarstarfi laða að erlenda gesti. Með þessu fengist verðmæt reynsla í rekstri heilsumdvalarstaða sem útlendingar gætu nýtt sér. Athuga mætti hvort alþjóðaheilbrigðismálastofnunin væri tilbúin að útbúa styrki til útfærslu á slíku verkefni en Íslendingar yrðu væntanlega fyrsta þjóðin sem ynni að þessu máli á þennan hátt.

ÞÁTTAKA Í ALÞJÓÐLEGUM FJÁRMÁLAMARKAÐI

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um að auka frjálsræðið á íslenskum fjármálamarkaði. Rætt hefur verið um að auka frelsi með verðbréfavíðskipti og að

auðvelda samskipti við erlenda banka, bæði með því að bjóða erlendum bönkum eignaraðild að íslenskum bönkum og með því að auka fjárfestingar Íslendinga erlendis.

Það er hins vegar staðreynd að erlendar bankastofnanir hafa takmarkaðan áhuga á að fjárfesta á Íslandi vegna smæðar markaðarins, vaxtastefnu innanlands og almennrar efnahagsþróunar á Íslandi. Á hinn bóginn gæti komið til greina að gera Ísland að fríverslunarsvæði með fjármagn. Þetta væri hægt að gera utan við fjármála-kerfi landsins án þess að það hafi bein áhrif á það. Fríverslunarsvæðið væri bundið tölvuviðskiptum en þar eru engin landamæri. "Electronic free zone banking" er ekki framtíðardraumur heldur eðlileg afleiðing af þróun alþjóðlegra tölvuviðskipta um gervihnetti. Möguleikar Íslands á þessu sviði eru taldir vera nokkrir, m.a. vegna legu landsins mitt á milli Evrópu og N-Ameríku. Hér er um langtímaverkefni að ræða sem rétt er að kanna ítarlega.

Í tengslum við stefnumörkun í umhverfismálum og þátttöku Íslendinga í alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefur komið fram áhugaverð hugmynd um "alþjóðlegt lottó".

Um nokkurt skeið hafa aðstandendur nokkurra "lottó fyrirtækja" í ýmsum fylkjum Bandaríkjanna rætt um samtengingu "lottó-kerfa" innan Bandaríkjanna með

gervihnattasendingum og símalínum. En eins og kunnugt er hafa slíkar tengingar verið í notkun hér um nokkurt skeið.

Í sömu viðræðum hafa hugmyndir um sams konar tengingar milli landa verið til athugunar. Til viðmiðunar hafa verið tekin tölvutengsl fjármálamarkaða í Evrópu og sambærilegra markaða í Bandaríkjunum.

Hugmyndin um "alþjóðlegt lottó" hefur verið rædd m.a. í samvinnu við umhverfisverndarstofnanir svo sem "World Wildlife Fund".

Slík hugmynd gæti einnig tengst hugmyndinni um alþjóðleg umhverfisverðlaun og fjármögnun slíkrar hugmynda. Samstarf við slíkar stofnanir er mjög æskilegt fyrir Íslendinga í tengslum við stefnumörkun á sviði umhverfismála.

Ofangreindar hugmyndir eru á frumstigi erlendis og því möguleiki fyrir Íslendinga að verða virkir þátttakendur strax í upphafi.

ÚTFLUTNINGS- OG FERÐAMÁL OG FJÁRMÖGNUN

Ráðgjafanefndin telur mjög mikilvægt að aukin áhersla verði lögð á kynningu á Íslandi og íslenskum afurðum erlendis. Slíkt kynningarstarf þarf að taka mið af starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis en jafnframt að ryðja braut fyrir íslensk fyrirtæki inn á ný markaðs-
svæði. til þess að þetta starf verði unnið með sem markvissustum hætti þarf að ákveða hver hefur framkvæmd þess með höndum og hvernig eigi að fjármagn það. Í nefndinni voru reifaðar hugmyndir um að stefna bæri að sameiningu Útflutningsráðs Íslands og Ferðamálaráðs Íslands í nýtt Útflutnings- og ferðamálaráð. Kostir slíkrar sameiningar eru margir og má nefna eftirfarandi:

- fastur kostnaður við rekstur skrifstofu á Íslandi myndi minnka.
- fjármunir sem notaðir eru við skrifstofur erlendis myndu nýtast betur þar sem skrifstofur yrðu sameinaðar, t.d. í Frankfurt og myndi þá svigrúm opnast til að opna skrifstofur á fleiri stöðum.
- ferðapjónusta og vöruútflytjendur myndu fá aukinn gagnkvæman stuðning af kynningarstarfsemi hvors annars.

- Kynningarstarf íslenskra aðila yrði betur samhæft en áður og fjármagn myndi nýtast betur.

Ljóst er að til þess að hægt verði að ræða af alvöru um framkvæmd stefnumörkunar um forystu Íslands á sviði umhverfismála og öfluga kynningarstarfsemi því samfara, þarf að tryggja fjármuni til frambúðar. Í nefndinni kom m.a. fram hugmynd um að fjármögnun á slíkri starfsemi ásamt rekstri Útflutnings- og ferðamálaráðs gæti verið hagnaðurinn af rekstri fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli sem er áætlaður ca. 218 milljónir króna á árinu 1989.

NIÐURLAG

Með samstarfi ríkisvaldsins og aðila í útflutnings- og ferðamálum yrði tryggt samstarf allra aðila sem vinna að kynningu á Íslandi, íslenskum vörum og þjónustu og íslenskri menningu erlendis. Tryggður yrði traustur fjárhagslegur grundvöllur sem gerði aðilum kleift að vinna ötullega að landkynningarmálum. Fjárhagslegi grunnurinn yrði það sterkur að mögulegt væri að standa mjög vel að kynningarpættinum. Jafnframt yrði tryggt að hin almenna landkynning yrði unnin í samráði og í samvinnu við útflutningsfyrirtæki og fyrirtæki í ferðaþjónustu sem eykur líkurnar á því að fjármagnið

verði vel nýtt. Við kynningu á Íslandi erlendis er væntanlega hagkvæmast að vera í náinni samvinnu við kynningarfyrirtæki á hverjum stað. Slík kynningarfyrirtæki þekkja vel til aðstæðna og byggja á reynslu sem kemur í veg fyrir að mistök annara verði endurtek-in. Með móttun nýrrar stefnu í kynningarmálum og viðbrögðum sem byggja á nýttísku-útbreiðsluáferðum er góður möguleiki fyrir Ísland að koma sér og einkennum sínum á framfæri þannig að allar helstu útflutningsgreinar njóti góðs af. Skipulegt starf getur farið að skila árangri í beinhörðum peningum eftir tiltölulega skamman tíma ef rétt er á málum haldið.

II

S K Ý R S L A D O X LTD.

HÖFUNDAR:

Richard Birtchnell

Bruce Dakowski

Nick Daw

Um skýrsluna

Höfundar þessarar skýrslu eru Bretarnir Richard Birtchnell, Bruce Dakowski og Nick Daw. Íslensk stjórnvöld, ásamt stofnunum á sviði viðskipta og ferðaþjónustu, buðu þremmenningunum til landsins. Vakti það fyrir hinum íslensku aðilum að fá þá til að meta ástand og horfur á sviði viðskipta og ferðaþjónustu, einkum í því augnamiði að auka hlutdeild Breta á þessum vettvangi og er þá einkum átt við breskar stofnanir, kaupsýslumenn, neytendur og ferðamenn. Bretarnir sátu fundi stjórnskipaðrar nefndar undir formennsku Baldvins Jónssonar.

Skýrslan er ekki vísindaleg úttekt heldur samantekt um ástandið í þessum efnum, eins og það kom gestum okkar fyrir sjónir, ásamt hugmyndum þeirra og vangaveltum um framtíðina. Er það von þremmenninganna að skýrslan leiði til áframhaldandi umræðna og frekari viðskipta Breta við Íslendinga.

Inngangur

Ekki fer á milli mála að landkostir á Íslandi eru einstakir. Útlendingar vita þó lítið um landsins gæði og því fer fjarri að landsmenn hafi hagnýtt sér þau til fullnustu. Má segja að Ísland sé eins konar hulduland í útjaðri Evrópu. Höfundar skýrslunnar komust að raun um að margir Íslendingar vilja ekki að athyglin beinist um of að landinu eða vilja ekki fá til landsins aðra en þá sem kunna að meta náttúru þess og virða íslenskar hefðir og einkenni.

Höfundar fengu ágætar upplýsingar um hugmyndir Íslendinga um land sitt, framtíð þess og afstöðu þeirra til annarra þjóða. Einnig beindist athyglin að áformum landsmanna á sviði stjórn mála og enn fremur að áætlunum til lengri tíma. Íslendingum er ljóst að breytingar á flestum sviðum eru óhjákvæmilegar en viðmælendur okkar sögðu skýrt og skorinort að þeir vildu hafa áhrif á framvindu mála til hagsbóta fyrir þjóðina - og ef til vill umheiminn; Íslendingar sætti sig ekki við að vera leiksoppar örlaganna á öld breytinganna. Við höfum reynt að gæta fyllst óhlutdrægni og haft ofarlega í huga að tillögur okkar samrýmdust íslenskri menningu og sérstöðu landsins.

Ekki ber að skilja orð okkar svo að við teljum það ókost að Ísland skuli ekki vera meðal þeirra landa sem best eru þekkt. Við teljum fremur að hugmyndir um landið sem hulduland, einstakt land - jafnvel dularfullt land - auki aðdráttarafl þess. Þegar rætt er um það sem dregur fólk til landsins má ekki gleyma sérkennilegri náttúru, sérstöðu umhverfi, blómlegu menningarlífi, skilvirku viðskiptalífi, varðveislu náttúruauðlinda og hagnýtingu þeirra. Það er ljóst að Íslendingar geta hagnast á gæðum landsins - "sett þau á markað" - án þess að menningararfleifi þeirra eða framtíð sé stefnt í voða.

Fimm meginþættir.

Þeir þættir, sem við gerum hér að umræðuefni, koma þeim ekki á óvart sem leitt hafa hugann að atvinnulífi á Íslandi. Við athugðum einkum;

- * ferðapjónustu
- * viðskipta- og peningamál
- * heilbrigðismál
- * orkumál
- * útgerðar- og fiskveiðitækni.

Eins og af líkum lætur er ekki hægt að leggja á ráðin varðandi framtíð Íslendinga og uppbyggingu atvinnulífs án þess að svo mikilvægir þættir séu brotnir til mergjar. Enn er þó ónefndur sá þáttur sem skipti hvað mestu máli í starfi okkar því að hann var sá grunnur sem hugmyndir okkar, tillögur og áætlanir voru reistar á. Þessi kjölfesta er landkostirnir en við álítum að Íslendingar láti ýmist eins og þeir viti ekki af þeim eða vanmeti þá stórlega.

Umhverfismálin og umheimurinn.

Allt markaðs- og sölustarf Íslendinga hlýtur að taka mið af gæðum landsins. Sú staðreynd, sem rennir stoðum undir slíkt starf, er einföld: Náttúran og allt umhverfi er óvíða eins óspillt og á Íslandi. Sé athygli útlendinga á þessari staðreynd vakin á viðhlítandi hátt, gætu Íslendingar orðið fyrirmynd annarra þjóða í þessum efnum. Íslendingum er í lófa lagið - og þeim er það skylt, segðu sumir - að kenna öðrum þjóðum að vernda náttúru sína, halda umhverfi sínu óspilltu og jörðinni þar með byggilegri.

Æ fleiri stjórnámálamönnum um allan heim er orðið ljóst að náttúruvernd verður að sitja í fyrirrúmi; hún skiptir

jarðarbúa meginmáli. Þess vegna eiga Íslendingar að nota einstætt tækifæri og hasla sér stóran völl á þessu sviði, vera í fararbroddi þjóða sem setja náttúruvernd á oddinn. Umhverfismál eru efst á baugi víða um heim og sums staðar er það meðal forgangsverkefna stjórnvalda að marka stefnu og gera áætlanir á sviði náttúruverndar. Sífelld fleira fólk hugsar vel um heilsu sína og borðar hollan mat; æ fleiri vita hve afdrifaríkar afleiðingar það getur haft að huga ekki að þeim lögmálum sem ríkja í náttúrunni. Umhverfismál eru mál málanna enda steðja nú margar hættur að lífríkinu.

Miðað við aðstæður er afar eðilegt að Íslendingar taki forystu hvað varðar stjórn umhverfismála og landvernd og miðli öðrum þjóðum af þekkingu sinni og reynslu. Fari svo ætti þjóðin að geta aukið gjaldeyrstekjur sínar því að sú vara og þjónusta, sem hún býður, tengist beint eða óbeint ómenguðu umhverfi eða hugmyndum sem að því lúta. Söluvara Íslendinga, í þessum tvíþætta skilningi, fellur því við umhverfismálin eins og flís við rass. Það er því brýnt að þeir hafi frumkvæði á sviði umhverfismála, nýti þau til að selja famleiðsluvörur sínar og laða ferðamenn til landsins - áður en einhverjum öðrum þjóðum hugkvæmist að nota umhverfismálin sem slíkan stökkpall.

Íslendingar ættu öðrum fremur að geta haldið merki náttúruverndar á lofti. Náttúran er óspillt; fæðan, vatnið og loftið ómengað. Þjóðin er heilsuhraust og nærast á hollum mat. Meðalaldur manna er mjög hár í samanburði við aðrar þjóðir og sagt er að vatnið og ýmis jarðefni geti læknað mein og bætt heilsu manna. Ef Íslendingar hagnýta auðlindir sínar af skynsemi og vernda landið og gæði þess, eru þeim allir vegir færir.

Brýnt er að vernda landið en það er einnig mikilvægt að kynna landverndina. Við viljum því fyrst ráðleggja Íslendingum að nota landverndina til að renna stoðum undir sölustarfsemina. Þegar Íslendingar tala um ómengaða

náttúru, leggur heimurinn við hlustirnar. Hróður þjóðarinnar um vaxa; verðið á framleiðsluvörum hennar mun hækka.

Stóra-Bretland sem markaður.

Við erum ekki í nokkrum vafa um að auðvelt er að vekja áhuga Breta á Íslandi og framleiðslu landsmanna. Byggist sú skoðun á þekkingu okkar á óskum og þörfum breskra neytenda. Bretar eru móttækilegir fyrir nýjungum, fúsir að prófa nýjar vörur, reyna eitthvað nýtt. Þjóðin er enn fremur farin að skilja að umhverfismálin skipta meginmáli.

En fleira bendir til þess að Íslendingum ætti að ganga vel að sækja inn á breskan markað. Bretar búa við góðan fjárhag og atvinnuleysi hefur ekki verið minna í níu ár. Sextíu af hundraði landsmanna búa í eigin húsnæði og tíu milljónir manna eiga hlut í fyrirtækjum. Verkalýðshreyfingin er orðin lýðræðislegri og ábyrgari en áður og ríkisstjórnin er staðráðin í að halda völdum. Það sem hefur áunnist hefur aukið athafnaprá og sóknarhug manna og gildir þá einu hvaða stjórnmalaflokk þeir styðja. Margt konar munaðar- og gæðavara selst geysilega vel, ennfremur nýir bílar og heimilistæki. Kaupgetan hefur aukist því að mun fleiri konur vinna nú utan heimilis en áður; þær eru nú 40% vinnuafldsins.

Velmegunin birtist meðal annars í því að í fyrra - árið 1988 - fóru 23 milljónir Breta til útlanda í sumarleyfinu; 13. milljónir manna komu hins vegar til Bretlands á árinu. Það færir í vöxt að fólk kaupir sumarhúsa eða hús erlendis.

Fólk áttar sig æ betur á því hve góð heilsa er dýrmæt og leggur sífellt ríkari áherslu á heilbriggt lífni og heilsurækt. Því er ekki sama hvað það lætur ofan í sig og spyr hvaða hráefni séu notuð við framleiðslu matvæla. Félags- og skemmtanalíf blómstrar og aðsókn hefur aukist að

kvikmyndahúsum, leikhúsum og hljólmleikahöllum. Úgáfustarfsemi hefur aldrei verið meiri og ljósvakafjölmíðlarnir starfa af krafti.

Fólk á nú margra kosta vöð á öllum sviðum; sífellt fleiri vörutegundir eru á boðstólum og valkostirnir eru geysimiklir ef menn vilja reyna nýja rétti, sækja heim nýja staði eða fara ótroðnar slóðir í tómstundum. Nú á dögum guma menn gjarnan af þeim gildum sem forfeður þeirra á Viktoríutímanum höfðu í heiðri og reyna jafnvel að lifa í samræmi við siðferðishugmyndir þeirra - þótt menn séu mishrifnir af áum sínum hvað þær snertir. En við reynum sífellt að gera betur, gerum kröfur um fagmennsku og glæsilega hönnun, gerum þjóðlegum og hefðbundnum vinnubrögðum hátt undir höfði og tökum náttúruleg efni fram yfir gerviefni.

Þessi þjóðlífseinkenni sýna að kjölfesta er nauðsyn nú á tímum örra breytinga á lífsháttum fólks. Engu að síður erum við Bretar sólgirnir í að reyna það sem er tilkomumikið eða æsilegt í einhverjum skilningi. Með því móti reynum við í okkur þolrifin og fáum umbun erfiðis okkar og viðurkenningu ef vel gengur.

Vert er að benda á að sum umsvifamestu fyrirtækin í Bretlandi reyna eftir föngum að efla félagslíf starfsfóks, gangast fyrir mannfagnaði eða íþróttakeppni og gera hæfum starfsmönnum kleift að sækja ráðstefnur eða ferðast til útlanda.

Nauðsynlegt er að hafa þessar aðstæður í huga því nú geta Íslendingar sætt lagi og sótt inn á breskan markað. Slík sókn krefst þess ekki aðeins að menn vilji hefjast handa; nauðsynlegt er að gera traustar langtímaáætlanir, beita faglegum aðgerðum við markaðssókn og sölustarf, bæði hvað varðar undirbúning og framkvæmdir. Margt af þessu er fyrir hendi en alls ekki allt. Víkjum nú nánar að þessari hlið málsins síðar en ræðum nú nánar um þá meginþætti sem

við höfum nefnt.

Við munum lýsa fimm almennum þáttum sem huga þarf að nú þegar. Hvern þátt þarf þó að athuga rækilega og ítarlegar rannsóknir eru forsenda allra söluáætlana. Um er að ræða þá þætti sem við bindum mestar söluvonir við með hliðsjón af markaði í Bretlandi. Margir þessara þátta tengjast og verka hver á annan: Geti menn selt "Íslenska heilsubót", selja þeir jafnframt ferðir til landsins. Þjónusta á sviði viðskipta eða miðlunar laðar einnig ferðalanga til landsins.

Það auðveldar mjög öll viðskipti við Breta hversu margir Íslendingar eru vel mæltir á ensku.

Við viljum taka fram að allir Bretar geta fundið eitthvað við sitt hæfi á Íslandi. Breska þjóðin er fjölmenn og það þyrfti ekki að vekja áhuga margra á viðskiptum og ferðalögum til Íslands - reyndar aðeins örfár af hverju hundraði - svo það yrði Íslendingum mjög til hagsbóta.

Ferðapjónusta.

Markaðs- og sölustarf á þessu sviði gæti orðið afar árangursríkt. Við höfum eftirfarandi hópa einkum í huga:

Háskólafólk: Hér er til dæmis átt við þá sem nema greinar tengdum landbúnaði og matvælaframleiðslu, sjávarlíffræði, erfðafræði og dýrafærði, landafræði, jarðfræði og ýmsar greinar vistfærði, læknisfærði, mannfræði, tungumál og sagnfræði. Stúdentar sem leggja stund á þessar greinar skipta hundruðum þúsunda. Dvöl á Íslandi yrði áreiðanlega afar lærdómsrík fyrir þetta fólk.

Fólk í leit að heilsubót: Margt auðugt og þekkt fólk á Bretlandi leitar hælís á svokölluðum heilsubæjum. Hægt

væri að fá þetta fólk til að koma til Íslands í staðinn. Þar gæti það unað sér í óspilltri náttúru, dvalið á raunverulegum heilsuhótelum; það væri mun fýsilegri kostur. Einnig má nefna sjúklinga sem þurfa að gangast undir uppskurð og þurfa á endurhæfingu að halda eftir sjúkrahúsvist. Loks má geta þeirra sem vilja einfaldlega "komast í burtu" og anda að sér fersku lofti.

Miðaldra fólk og roskið: Þessi aldurshópur er afar fjölmennur í Evrópu. Í Bretlandi eru 20 milljónir manna eldri en 45 ára. Þetta fólk hefur umtalsverðar tekjur til ráðstöfunar, getur búist við því að lifa lengi og er núorðið allsendis óhrætt við að ferðast hvert sem er. Þrjár milljónir manna í þessum aldursflokki eru í einu og sama ferðafélagi - sem reyndar ber íslenskt nafn: Saga.

Útivistarfólk: Í þessum hópi eru bakpokaferðalangar, fjallgöngumenn, hestamenn, stangveiðimenn, skátar, skíðamenn og fuglaskoðarar. Fólk í þessum hópum fyndi sannarlega margt við sitt hæfi á Íslandi. Margir útivistarmenn sækja Ísland heim en þó ekki nema brot af þeim sem eiga heima í þessum hópum. Við teljum að 5 milljónir manna séu í þessum útivistarhópi.

Viðskiptaráðstefnur og ferðalög sem umbun: Hér er um tvo ólíka hópa að ræða: Annars vegar er um að ræða fólk sem þarf að hittast og bera saman bækur sínar, en hins vegar fólk sem hefur staðið sig vel í starfi og þess vegna býður fyrirtækið því í náms- og kynnisferð til útlanda. Á ströndum Flórída er mýgrútur starfsmanna í slíkum erindagjörðum. Vafamál er hvort nokkrum þeirra hafi boðist að fara til Íslands. Við vitum að ferð þangað væri ánægjuleg tilbreyting.

Okkur hefur verið tjáð að 10 þúsund breskir ferðamenn hafi komið til Íslands árið 1988. Við viljum benda á að Bretar greiddu fyrir 27 milljónir skemmtiferða til útlanda árið 1987 og voru 20 milljónir þessara ferða farnar innan

Evrópu. Af þessum ferðum voru 4 milljónir viðskiptaferða en 23 milljónir voru sumarleyfisferðir. Þess ber einnig að geta að 36% þessara ferðalanga höfðu skiplagt ferðirnar sjálfir - ekki var um hópferðir að ræða - og 47% þeirra ferðuðust að haust- og vetrarlagi. Það er ekki fjarri lagi að segja að Íslendingar geti hæglega laðað til sín fleiri ferðamenn frá Bretlandi, ráðið því hvaða hópa þeir vilja helst fá, hve fjölmenna og hvenær árs þeir koma.

Viðskipti

Tvö Evrópulönd eru þekkt fyrir alþjóðlega bankþjónustu. Við erum eindregið þeirrar skoðunar að Íslendingar ættu að íhuga vel hvaða kostir fylgdu því að veita þjónustu af þessu tagi. Gjaldeyristekjur ykjast og fleiri ferðamenn kæmu til landsins. Langflestir þeirra yrðu ferðamenn sem kæmu á vit fjármuna sinna; þessir menn vildu hugsanlega festa fé sitt hér á landi. Íslendingar þyrftu vafalaust að bæta aðstöðuna svo hún hentaði slíkri bankastarfsemi en landsmenn virðast búa yfir nauðsynlegri þekkingu á þessu sviði.

Ísland gæti orðið skattfrjálst athvarf; hér gæti orðið fríverslunarsvæði sem helgaðist af notkun tölva og fjar- skiptabúnaðar. Íslendingar gætu veitt sérhæfða og háþróaða þjónustu og ráðgjöf á sviði viðskipta og hvatt erlenda banka til að setja útibú á stofn hérlendis. Ísland gæti orðið Bretum jafnmikilvægt og eyjan Mön eða Ermasunds- eyjarnar eru nú. Ekki hlýst nein mengun af slíkri við- skiptaþjónustu og Íslendingar gætu því ýtt undir skynsam- lega fjárfestingu með því að opna "Græna bankann".

Heilsubót

Vitaskuld á þjóð, sem býr í afar heilsusamlegu umhverfi, að selja heilsubótar- og heilsuræktarþjónustu af

ýmsu tagi. Ísland gæti orðið helsta heilsuþótarland veraldar fyrir ákveðna hópa fólks. Hér gæti fólk hlotið endurhæfingu eftir vist á sjúkrahúsum, notið náttúrulækninga af ýmsu tagi, fengið sérstaka meðferð til að megra sig keypt íslenskt heilsufæði. Vekja þarf athygli á öllu slíku og hefja markaðs- og sölustarf. Sé rétt að verki staðið gæti árangurinn orðið ótrúlega mikill.

Útflutningur á orku.

Ríkisstjórnin hefur skipað nefnd sem á að kanna möguleika á því að nýta enn frekar jarðvarma á Íslandi. Menn virðast ekki geta komist að niðurstöðu um hvort fullnægja eigi orkupörfinni með kjarnorku eða jarðefnaeldsneyti og af þeim sökum er líklegt að Evrópuþjóðir sækist eftir orkugjöfum sem valda ekki mengun. Íslendingar byrja á því að kynna land sitt sem ómengað land og fylgja þeirri kynningu eftir með því að bjóða til sölu orku sem ekki veldur mengun. Orkan færi um kapal til Evrópu. Kostnaður við slíkan orkuflutning virðist hár eins og sakir standa - en þess má geta að á sínum tíma þótti ekki svara kostnaði að bora eftir olíu í botni Norðursjávar.

Fiskur

Útlendingar hattu sér út á hálan ís ef þeir þættust geta kennt ykkur Íslendingum að veiða fisk. Þið kunnið það líklega allra þjóða best. En ber ekki að leggja áherslu á að auka verðgildi fisksins fremur en veiða meira af honum? (Magnið er hvort sem er háð kvóta.) Því er ekki vakin meiri athygli á því að Íslendingar selja ferskan og ómengaðan fisk? Því hugsar fólk ekki um fisk frá Íslandi eins og það hugsar um reyktan lax frá Skotlandi eða danskt flesk?

Hafa ber í huga að líklegt er að fisksala dragist saman í Bretlandi vegna eiturefnamengunar í Ermasundi. Þetta áfall kann að hafa áhrif á Íslandi þótt Íslendingar komi hvergi við sögu í þessu sambandi. Nú eiga Íslendingar að nota tækifærið og koma þeim upplýsingum á framfæri við Breta að íslensk fiskimið séu ómenguð og sama gildi um fiskinn. Þá ykist eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum.

Fleira kemur sterklega til greina á þessu sviði. Við teljum að alla þekkingu ykkar á sviði sjávarútvegs og fiskveiða megi selja. Ennfremur mætti afla tekna með því að leyfa erlendum skipum að sigla undir íslenskum fána og njóta þeirra fríðinda sem því fylgdi.

Nefna mætti fleiri kærskubrögð og ýmsa valkosti á vettvangi viðskipta og iðnaðar. Við teljum það hins vegar ærið verkefni fyrstu tvö árin að vinna það verk sem tengist þeim meginþáttum sem við höfum nefnt. Íslendingar verða að takast á við þau verkefni enda hafa þeir alla burði til þess.

Helstu tillögur í hnotskurn

Ætli Íslendingar að vekja athygli Evrópubúa (og byrja á Bretum) á Íslandi, þurfa þeir að koma á framfæri hugmyndinni um einstaka kosti eða einstök gæði. Því næst yrði að hagnýta þessa hugmynd til að selja vörur eða þjónustu. Höfundar skýrslunnar standa á því fastar en fótunum að þessir kostir eða gæði felist fyrst og síðast í afar sérstöku umhverfi og sé vitneskju um það komið á framfæri við aðra á réttan hátt, megi nota hana til að skapa markaði eða sækja inn á þá. Við viljum nefna tvo sterka leiki sem auka líkur á sigri í því tafla sem við höfum lýst. Fyrri leikurinn krefst þess að menn þori að reyna eitthvað nýtt; þeim seinni fylgir nokkur kostnaður.

Verðlaun á veraldarvísu

Í fyrsta lagi ættu Íslendingar að veita Gróskuverðlaunin, alþjóðleg umhverfisverndarverðlaun. Þau yrðu veitt á hverju ári þeirri þjóð, þeim landshluta eða þeirri manneskju sem þætti verðskulda það öðrum fremur að fá viðurkenningu fyrir undhverfisvernd, áætlanir, framkvæmdir eða rannsóknir á sviði landverndar. Alþjóðleg nefnd manna, sem þekktu vel til umhverfismála, myndi ákveða hvaða land, hver eða hverjir hlytu verðlaunin hverju sinni. Verðlaunin væru fullkomlega sambærileg við Nóbelsverðlaunin hvað vegsauka og virðingu snertir. Verðlaunahafar fengju verðlaunafé og verðlaunapening. En með þessu er aðeins hálf sagan sögð.

Á hverju ári myndi athygli umheimsins beinast að Íslandi þegar liði að verðlaunaafhendingu og næði hámarki þegar tilkynnt yrði hver hlyti verðlaunin. Það kostar fé að hrinda þessu í framkvæmd en á móti því vegur að mikið yrði fjallað um Ísland í erlendum fjölmiðlum; slíka umfjöllun er ekki unnt að meta til fjár. Sú ósérplægni, sem verðlaunaveitingin fæli í sér, kæmi Íslendingum til góða því verðlaunin festa í sessi þá hugmynd sem þeir vilja að aðrir tengi landinu, nefnilega hugmyndina um að vernda land og nýta það skynsamlega. Verðlaunin yrðu öllum þeim greinum, sem við höfum nefnt, til framdráttar.

Söluskrifstofa í Bretlandi

Í öðru lagi mælum við eindregið með því að söluskrifstofa verði ráðin í Bretlandi þannig að allt sölustarf verði samfellt og markvisst. Slík skrifstofa myndi gæta íslenskra hagsmuna í Bretlandi en starfsmenn hennar yrðu breskir markaðs- og auglýsingamenn. Þar sem starfsmenn kanna neytendamarkað og skipuleggja sókn inn á hann, er

afar brýnt að þeir þekki lífsvenjur Breta og séu öllum hnútum kunnugir í bresku viðskiptalífi. Við teljum skynsamlegt að þessi skrifstofa starfi óháð íslenska sendiráðinu og Flugleiðum þótt starfsmenn hennar hefðu góða samvinnu við þessa aðila. Skrifstofan yrði því sjálfstæð en tengdist samsvarandi markaðsskrifstofu eða útflutningsnefnd á Íslandi og bæri ábyrgð gagnvart henni.

Um leið og Íslendingar hafa "tekið sér einkaleyfi" hvað varðar umhverfismálin og komið sér upp bækistöð í Bretlandi, getum við byrjað að vinna að því langtímamarkmiði að vekja athygli á Íslandi, vörum þess og þjónustu.

Slík skrifstofa, sem hagaði starfsemi sinni með hliðsjón af framvindunni á hinum breska markaði, yrði Íslendingum mjög gagnleg.

Margar þjóðir hafa þegar hafið slíkt sölu- og kynningarstarf hér í Bretlandi. Margar þessara þjóða eru fámennari en Ísland en eru þekktari meðal almennings hérlendis.

Við getum í krafti málafylgju og þekkingar fært Ísland til á hinu andlega landakorti þannig að það verði ekki efst á jarðkringlunni heldur efst í huga breskra neytenda.

Viðauki.

Við vitum að Ríkisútvarpið sendir reglulega út efni til Íslendinga erlendis. Þessar útsendingar ætti að nýta til að reka "áróður" á öðrum tungumálum, einkum ensku.

Róttækar breytingar eiga sér nú stað varðandi sjónvarpsútsendingar. Við þessar breytingar opnast upplýsingaleiðir sem hagnýta má á tiltölulega einfaldan máta. Til dæmis er algengt að kapalstöðvar birti stuttar tilkynningar frá löndum sem kynna vilja menningu sína. Þessar tilkynningar eru notaðar til uppfyllingar milli dagskrárliða í

löndum þar sem auglýsingar eru ekki leyfðar. Þessi innskot eru yfirleitt gerð í ríkissjónvarpsstöðvum þeirra landa sem vilja koma slíkum upplýsingum á framfæri.

Það er einnig ljóst að æ fleiri Bretar munu horfa á útsendingar sem fara um gervitunglin SKY og BSB. Gert er ráð fyrir að 5 milljónir Breta muni fylgjast með þessum útsendingum innan 5 ára.

Richard Birtchnell

Richard starfaði um árabíl hjá fataversluninum C&A og Jaeger en gekk til liðs við Burton Group (BG) árið 1973. Hann er nú frakvæmdastjóri sölu- og kynningar sviðs fyrirtækisins.

BG er önnur stærsta verslunarsamsteypa á Bretlandi - ef frá eru talðar matvöruverslanir - og er velta þess 2 milljarðar punda eða um 180 milljarðar íslenskra króna. Fyrirtækið rekur 2000 verslanir, margar þeirra mjög vel þekktar, sem meðal annars selja tískuvarning og "allt til heimilisins". Starfsmenn fyrirtækisins eru rúmlega 40 þúsund talsins.

Richard stjórnar öllu sölu- og kynningarstarfi fyrirtækisins, meðal annars markaðsrannsóknnum, aulýsingum og aulýsingaherferðum. Hann hefur einnig umsjón með dagskrám sem fyrirtækið kostar (til dæmis Miss World keppninni), hefur á sinni könnu að viðhalda áhuga starfsfólks og auka frumkvæði þess, sér um skemmtanir, sýningar og ráðstefnur, myndbanda- og litskyggjukynningar, útgáfu- starfsemi á vegum fyrirtækisins og ennfremur veislur og móttöku gesta á vegum þess.

Richard er vel þekktur meðal fagfólks á sviði auglýsinga og markaðsmála enda er hann þekktur fyrirlesari og hefur lagt sitt af mörkum í umræðunni um nútímalegar

aðferðir við sölustarf. Richard þekkir þarfir og óskir breskra neytenda út í æsar eftir 25 ára starf á þessum vettvangi og veit hvernig á að uppfylla þær.

Richard er 45 ára gamall, kvæntur danskri konu og eiga þau tvö börn á unglingsaldri. Hann er áhugaflugmaður, fer á skíði í tómstundum og stundar tennis.

Dr. Bruce Dakowski.

Dr. Bruce Dakowski er fæddur í London og er fertugur að aldri. Hann stundaði nám í Dover College og Lundúna-háskóla og lauk þar námi í almennri læknisfræði og skurð-lækningum. Áhugi hans beindist þó mjög að sálfræði.

Að námi loknu var hann læknir í breska sjóhernum, starfaði síðan sem heimilislæknir en lauk jafnframt framhaldsnámi í félagslegri mannfræði við Oxfordháskóla þar sem hann kenndi reyndar síðar. Hann er höfundur nokkurra verðlaunakvikmynda um læknisfræðileg og önnur vísindaleg efni en jafnframt hefur hann unnið við gerð auglýsinga, verið blaðamaður við fagtímarit lækna og verið ráðunautur á sviði lyfjaframleiðslu. Í janúarmánuði 1987 var hann gistiprófessor við Middlebury-háskólann í Vermont í Bandaríkjunum en þar kenndi hann félagslega mannfræði og aðferðir við sjónræna miðlun.

Haustið 1985 voru heimildarmyndir hans um mannfræði "Strangers Abroad" - sýndar á Rás 4 (Channel 4) í Bretlandi. Hann hefur hlotið verðlaun fyrir þannan myndaflokk sem hefur nýlega verið sýndur öðru sinni í Bretlandi. Seinasta myndaflokk hans um vísindi - "The Cutting Edge" - sýndi I.T.V. sjónvarpsstöðin á kjörtíma sumarið 1987 og horfðu 7.2 milljónir manna að meðaltali á þá þætti. Um þessar mundir vinnur hann fyrir Thames Television að þáttum um læknisfræðileg efni.

Árið 1986 stofnaði hann fyrirtækið DOX ásamt Nick Daw. Þeir félagar settu strax markið hátt og eftir tveggja ára starf eru verkefni æði fjölbreytt. Fyrirtækið gerir hvers konar auglýsinga- og kynningarmyndbönd, vinnur ýmis verkefni fyrir sjónvarp og menntastofnanir, skipuleggur ráðstefnur og gerir ársskýrslur - svo eitthvað sé nefnt. Mörg traust og umsvifamikil fyrirtæki skipta við DOX (American Cyanamid Company; Merck, Sharp & Dohme; Polly Peck International; British Midland Airways; British Olivetti) og föstum viðskiptavinum fer fjölgandi.

Nick Daw.

Nick Daw er fæddur í London og hlaut menntun sína þar. Hann fékk snemma áhuga á hljóð- og raftækni og strax að lokinni skólagöngu fór hann að vinna á því sviði og hannaði eigin hljóðmagnara og boðskiptatæki. Síðan vaknaði áhugi hans á tæknibúnaði til að mæla tíma á vettvangi íprótta. Hannaði hann slíkan búnað og seldi Citizen samsteypunni í Japan einkaleyfi sitt.

Nick vildi auka þekkingu sína á viðskiptalífinu og gerðist því tæknilegur ráðgjafi í fjárfestingafyrirtækinu Whitear og um síðir var hann kjörinn í stjórn þess.

Árið 1980 fór Nick að vinna við sjónvarp og myndbandaframleiðslu. Hann hóf störf hjá fyrirtæki sem heitir Dixon's Professional og þar vann hann við að hanna byltingarkenndan rafbúnað til notkunar á fréttastofum (Electronic News Gathering). En Nick ætlaði sér að stofna eigið fyrirtæki og af því varð árið 1983. Nefndist það Green Door Video og var því ætlað að sjá sjónvarpsstöðvum og iðnfyrirtækjum fyrir útsendingarbúnaði. Fyrirtækið sá einkum um að útvega hópum, sem unnu við dagskrárgerð utan myndvera, fyrir nauðsynlegum búnaði. Mörg myndbandafyrirtæki og margar heimsþekktar sjónvarpsstöðvar hafa notið þessarar þjónustu.

Fyrirtækið er á skömmum tíma orðið þekkt fyrir að veita starfsfólki sínu afar góða starfsþjálfun og það hefur ennfremur getið sér gott orð fyrir myndbandaframleiðslu - ekki síst fyrir myndbönd sem eru eins konar ársyfirlit stórra fyrirtækja. Fyrirtækið hefur í tvígang hlotið verðlaun fyrir slík myndbönd.

Meðal viðskiptavina Green Door Video eru sum af þekktustu fyrirtækjum Evrópu: Allied Lyons, British Airways, I.B.M., Channel 4, Sainsbury's og B.M.W.

Snemma árs 1985 keypti auglýsingafyrirtækið Saatchi & Saatchi hlutabréf í Green Door Video og við það stækkaði viðskiptamannahópur fyrirtækisins að mun. Árið 1988 varð GDV hluti af DOX þegar Nick keypti 50% hlutabréfa í síðarnefnda fyrirtækinu.

III

CINDI

FORVARNIR LANGVINNRA SJÚKDÓMA

Hrafn V. Friðriksson, dr. med.
yfirlæknir

CINDI

FORVARNIR LANGVINNRA SJÚKDÓMA.

Með samningi undirrituðum 10. febrúar 1984 gerðist Ísland aðili að samvinnuverkefni Alþjóðaheilbrigðismála- stofnunarinnar um samhæfðar forvarnir langvinnra sjúkdóma skammstafað "CINDI" þ.e. Countrywide Integrated Noncommu- nicable Diseases Intervention Programme.

Með verkefninu er stefnt að bættu heilbrigði fólks og meiri lífsgæðum með því að draga úr ótímabærum sjúkdómum, fötlun og dauða.

Það er mikilvægur þáttur í yfirlýstri heilbrigðis- stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1977 um "heilbrigði allra árið 2000" sem stofnunin og aðildarríki hennar hafa samþykkt.

Heilbrigðismarkmið þau (Targets for health for all, WHO-Euro, 1985) sem aðildarríki Evrópuskrifstofu Alþjóða- heilbrigðismálastofnunarinnar samþykktu 1984 nær til fjögurra sviða eða verkefna sem vinna ber að til að ná "heilbrigði allra árið 2000":

1. Tryggja jafnan rétt til heilsu með því að draga úr misræmi í heilsu milli þjóða og meðal þjóða.
2. Gæða árin lífi með því að fólk nái og njóti þess líkamlega, andlega og félagslega proska sem því er búinn.
3. Gæða lífið heilsu með því að draga úr sjúkdómum og

fötlun.

4. Gæða lífið árum með því að draga úr ótímabærum dauða og auka lífslíkur.

Langvinnir sjúkdómar eins og hjarta- og æðasjúkdómar, krabbamein, slys, geðheilsa og sálfélagsleg vandamál, stoðkerfissjúkdómar, tannskemmdir (einkum hér á landi) og sykursýki eru algengasta orsök ótímabærra dauðsfalla, veikinda, fötlunar og meðfylgjandi þjáninga, vinnutaps og vaxandi kostnaðar við heilbrigðisþjónustu þjóða í Evrópu.

Þekktar orsakir þessara sjúkdóma og kvilla er að finna í umhverfi og lífsmáta fólks. Dæmi um það eru t.d. tóbaksreykingar, rangt fæðuval, hreyfingarleysi, misnotkun áfengis, streita og heilsuspillandi eða hættulegt ytra umhverfi.

Skynsamleg notkun heilbrigðisþjónustunnar skiptir einnig máli fyrir heilsu og vellíðan fólks, en fjórða hornstein heilsunnar ráða einstaklingar og heilbrigðiskerfið oftast lítið við, en það eru erfðir.

Langvinnir sjúkdómar geta átt sama áhættuþáttin t.d. tóbaksreykingar og margir áhættuþættir geta tengst sama sjúkdómi. Þannig eiga margir langvinnir sjúkdómar sameiginlega áhættuþætti.

Þannig tengist t.d. hækkuð blóðfita (cholesterol) bæði kransæðaprengslum og krabbameini, sama á við um tóbaksreykingar að viðbættri langvinnri berkjubólgu með tilheyrandi andprengslum. Offitu getur fylgt hár blóðþrýstingur, hækkuð blóðfita, kransæðaprengsli, krabbamein, sykursýki og truflun á starfsemi lungna, óeðlilegt slit á liðum og jafnvel aukin slysaþætta svo dæmi séu tekin.

Raunhæf leið til að draga úr tíðni langvinnra sjúkdóma er að ráðast gegn og draga úr tíðni áhættuþátta þeirra.

Sýnt hefur verið fram á að virk leið og um leið hin áhrifamesta er að beita forvarnaraðgerðum samtímis gegn helstu sameiginlegu áhættupáttum langvinnra sjúkdóma.

Til að svo megi verða er nauðsynlegt að samræma vinnu hinna ýmsu aðila, stofnana sérfræðinga og félagssamtaka. Verulegt hagræði og sparnaður fylgir með í kaupunum. Önnur ástæða samræmingar og samvinnu er nauðsyn á samræmdum upplýsingum sem almenningi eru veittar af hinum ýmsu aðilum um forvarnir þannig að t.d. skilgreiningar á hugtökum séu ekki á reiki.

Til þess að ná því marki að draga úr tíðni ótímabærra sjúkdóma, fötlunar og dauða fyrir þjóðina í heild, þurfa forvarnaraðgerðirnar að beinast til alls almennings með virkri þátttöku samfélagsins einkum heilbrigðiskerfisins, fræðslukerfisins og fjölmiðla, löggjafarvaldsins, almanna- samtaka, sveitarfélaga o.fl. en síðast en ekki síst einstaklinganna sjálfra með áherslu á heilsusamlegt lífverni og umhverfi sem stuðlar að því.

Samtímis er nauðsynlegt að efla aðra þætti forvarna eins og áhættupátta- og sjúkdómaleit og meðferð og eftirlit með fólki með langvinna sjúkdóma í því skyni að lækna það og koma í veg fyrir frekari veikindi, fötlun eða ótímabæran dauða. Forvarnar- og lækningastarf þurfa að fara saman ef vel á til að takast í heilbrigðismálum þjóðarinnar.

Tilgangur

Forvarnarverkefnið nær til þjóðarinnar allrar og er tilgangur þess að stuðla að betra lífi, heilsu og lífslíkum fólks með samhæfðum fjölgreina forvarnaraðgerðum og eftirliti með helstu langvinnu sjúkdómunum sem þjóðina hrjá og mestu máli skipta.

Markmið forvarnarverkefnisins er að fækka samtímis

sameiginlegum áhættuþáttum langvinnra sjúkdóma og draga þannig úr þeim. Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að efla jákvæðar lífsvenjur og stuðla að heilsusamlegu umhverfi.

Sérstök áhersla er lögð á eftirtalda áhættuþætti:

- Tóbaksreykingar
- Rangar neysluvenjur
- Misnotkun áfengis, ávana- og fíkniefna
- Hreyfingarleysi
- Sálfélagsleg streita
- Umhverfishættur

Ennfremur verður fylgst með lífeðlisfræðilegum áhættuþáttum eins og:

- líkamsþyngd
- blóðþrýstingi
- blóðfitu

og í því sambandi eflað sjúkdómaleit, meðferð og eftirlit með áhættuhópum langvinnra sjúkdóma.

Stjórn

Verkefnið er undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðuneytisins fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hefur ráðherra skipað sérstaka stjórnarnefnd og verkefnisstjóra til að annast framkvæmd þess. Einnig er sérstakt fulltrúaráð skipað til að vinna með stjórnarnefnd og verkefnisstjóra við að samræma vinnu hinna ýmsu aðila vegna verkefnisins.

Skipulag alþjóðasamstarfsins má sjá á meðfylgjandi skipuriti.




Fig. 1. CINDI Management

CINDI - FORVARNIR LANGVINNRA SJÚKDÓMAFULLTRÚARÁÐSFUNDUR

Mánudaginn 19. desember 1988 kl. 9-13, Borgartúni 6.

Tilgangur: Að elfa samstarf um skipulag og framkvæmd CINDI-forvarnaverkefnisins á Íslandi.

Markmið: Að aðilar verði virkir þátttakendur hver á sínu sviði og sameiginlega.

Stefna: Að gera grein fyrir stöðu CINDI-forvarnaverkefnisins, og ræða framkvæmd þess með hliðsjón af verksviði og hlutverki samstarfsaðila.

Heilbrigðisefling og heilsuvernd eru aðalþættir forvarna og gert er ráð fyrir að forvarnaaðgerðir þurfi að minnsta kosti að ná til eftirfarandi sviða:

1. Heilbrigðisþjónustan og skyld starfsemi

Heilsugæslan gegnir hér mikilvægu hlutverki ásamt öðrum þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Nauðsynlegar aðgerðir þarf því að fella að heilbrigðisþjónustunni og endurskipuleggja hana ef með þarf.

2. Almenn fræðslustarfsemi

Stefnt er að því að fá fólk til að lifa heilsusamlegu lífi. Til þess þarf að vekja það til umhugsunar og efla þekkingu þess á heilbrigðum lífsháttum og stuðla að nauðsynlegum félags- og umhverfisaðstæðum. Þetta krefst beitingu fjölmiðla, gerð fræðslugagna, fræðslufunda o.s.frv. ásamt kennslu í skólum.

3. Samfélagsþátttaka

Virkja þarf sem flesta í samfélaginu til þátttöku um markmið verkefnisins. Þetta nær til formlegra

ákvarðana og óformlegra leiða, sem taka til opinberrar þjónustu, áhugamannafélaga, starfsgreina, trúfélaga o.s.frv.

4. Stjórnunaraðgerðir á öðrum sviðum

Stefnt er að umhverfisbreytingum, framleiðslumynstri og verðmyndun, sem þjóna heildarmarkmiðum verkefnisins. Þessu má ná með löggjöf, stjórnvaldsákvörðunum eða staðbundnum ákvörðunum iðnaðarins eða annarra aðila. Verkefnið í sjálfu sér getur hvatt til aðgerða t.d. vegna þrýstings frá almenningi.

IV

ÍSLAND,
FJÄRMÁLALAND FRAMTÍÐARINNAR?

Gunnar Helgi Hálfðanarson :

Reykjavík 3. júlí 1989

Ísland, fjármálaland framtíðarinnar ?

Á undanföllum árum hafa miklar breytingar átt sér stað í umhverfi Íslendinga bæði innanlands og erlendis. Af þeim sökum er margt sem bendir til þess að Íslendingar verði nú að leita nýrra leiða til framþróunar atvinnulífsins þar sem hinar hefðbundnu atvinnugreinar s.s. sjávarútvegur, landbúnaður, verslun og byggingarstarfsemi virðast ekki geta lengur tryggt frekari vöxt þjóðarframleiðslunnar eða betri lífsskjör. Stöðnun er því fyrirsjáanleg.

Breytingar skapa tækifæri.

Breytingar þurfa hins vegar ekki eingöngu að boða erfiðleika þar sem þær skapa einnig tækifæri á nýjum viðskiptum fyrir þá sem eru opnir í hugsun og tilbúnir að takast á við nýjungar.

Mikilvægt er því að umræðan um breytingar snúist fyrst og fremst um jákvæðu hliðarnar þ.e. tækifærin. En því miður virðist aðallega fjallað um neikvæðar afleiðingar breytinganna hér á landi. Nægir að nefna í því sambandi umræðuna um efnahagssamdráttinn sem nú á sér stað þó að hann sé einungis nauðsynleg aðlögun að því lífsskjarastigi sem hér er hægt að halda uppi miðað við óbreytta atvinnustefnu.

Í efnahagssumræðunni kemur í ljós sú andlega kreppa sem þjóðin í heild er í þrátt fyrir hátt menntunarstig hennar. Aukin menntun þjóðarinnar átti að vera jákvæð fyrir þjóðina en hefur snúist upp í andhverfu sína vegna vannýtingar á menntun og getu íbúa landsins. Þrátt fyrir að stór hluti þjóðarútgjalda hafi miðað að því að auka hæfni og menntun einstaklingsins hefur uppbygging atvinnulífs fyrst og fremst miðast við áframhaldandi uppbyggingu á hefðbundnu atvinnuvegunum en sú uppbygging býður upp á og viðheldur láglaunastörfum í of ríkum mæli. Störf þessi nýta ekki menntun þjóðarinnar nema að litlu leyti. Óánægja og firring þeirra einstaklinga sem ekki fá starf við í samræmi við menntun sína og getu er svo e.t.v. farin að spila stórt hlutverk í íslenskum stjórnámálum t.d. með flokkabrotum sem síðan valda því að sífellt erfiðara verður að mynda starfhæfar ríkisstjórnir.

En sem betur fer eru breytingarnar ekki allar neikvæðs eðlis eins og áður sagði. Breytingar sem í reynd er oft hvati til framfara ef við þeim er brugðist á uppbyggilegan hátt. Dæmi um þær breytingar sem átt hafa sér stað erlendis á síðastliðnum árum eru á sviði fjarskipta, samgangna en einnig í mynd bætts efnahags fólks. Þá er Efnahagsbandalagið að verða stærra og samhæðara. Ennfremur starfa fyrirtæki nú orðið sífellt meir um allan heim og hika ekki við að setja útibú hvar sem er ef það er á annað borð talið arðbært. Með öðrum orðum afstaða stjórnenda í alþjóðlegum fyrirtækjarekstri hefur breyst með tilliti til

staðsetningar fyrirtækjanna. Þessi þróun er kölluð á ensku, "globalisation".

Dæmi um breytingar sem hafa átt sér stað innanlands og hægt var að virkja til að nýta þau tækifæri sem framangreindar breytingar erlendis bjóða upp á eru:

1. Vaxandi menntun og þekking á sviði fjármála og upplýsingatækni. Hæfni og sjálfstraust Íslendinga á þessum sviðum er nú miklu meira en áður.
2. Sérstæður kúltúr og fágún þjóðarinnar hefur vaxið vegna meiri ferðalaga og umgengni við aðrar þjóðir en einnig vegna þess hversu vel hefur tekist til við að hlúa að þjóðlegum séreinkennum á sama tíma og þjóðin hefur orðið nútímalegri.
3. Innri uppbygging þjóðarinnar ("infrastructure") hefur eflst til muna. Dæmi: Hótel og veitingarekstur, fjarskipti, vegakerfi, en einnig er fyrir hendi afkastageta í bankakerfi sem talin er verulega vannýtt.

Styrkleikar Íslands.

Í framangreindu samhengi er gífurlega mikilvægt að einstaklingar, fyrirtæki og þjóðfélagið í heild líti á breytingar með því jákvæða hugarfari að finna tækifæri til athafna og setji svo tækifærin í samband við styrkleika sína, m.ö.o. nýti þau tækifæri sem styðjast við styrkleika. Í tilviki Íslands mætti hugsa sér eftirfarandi sem styrkleika þess:

1. Smæð þess. Smæð getur verið styrkleiki í samfélagi stórbjóðanna vegna þess að smáum þjóðum er leyft ýmislegt sem hinum stærri myndi aldrei verða umborið.
2. Lega landsins. Það er staðreynd að lega landsins á milli hinna stóru markaðssvæða Evrópu, Ameríku og staðsetning með tilliti til hugsanlegrar Norðurlandsleiðar og þá markaðssvæði A-Asíu s.s. Japan og S-Kóreu getur haft geysimikil áhrif. Að mati sumra er lega landsins stærsti styrkleiki þjóðarinnar fyrr eða síðar.
3. Stjórnsmál. Þó að íslensk stjórnsmál hafi e.t.v. þróast óheppilega á síðustu árum með tilliti til fjölgunar flokksbrota og hafi síðan haft óheppileg áhrif á stjórn efnahagsmála er þó með réttu hægt að halda fram að stjórnarfarar hér sé traust þar sem lýðræðishefð er rík. Þetta skiptir þá sem standa utan landsins miklu máli en jafnframt er þessi staða innsiglið með veru okkar í NATO, EFTA og aðild að alþjóðlegum stofnunum eins og OECD, GATT og fleirum.
4. Rík menning. Menning landsmanna er sérstæð og menntun almennt mjög góð. Eins er sveigjanleiki og aðlögunarhæfni þjóðarinnar með eindæmum. Má þar þakka því að Íslendingar eru vanir efnahagssveiflum og hafa haft mikil alþjóðleg samskipti í gegnum utanríkisverslun sína. Þjóðin hefur því mikla hæfni til alþjóðlegra samskipta. Þjóðin er einnig álitin af mörgum gæðasjúk, en sú sýki ásamt

sveigjanleikanum gerir það að verkum að þjóðin þykir áhugaverð að heimsækja þar sem hún gerir það vel sem hún hefur áhuga á.

5. Heiðarleiki þjóðarinnar. Eins og fram kom á nýlegri bankaráðstefnu sem haldin var hér á landi, hafa Íslendingar ávallt staðið vel í skilum erlendis og eru hátt metnir á meðal erlendra fjármálastofnana.
6. Landslag. Landslag er sérkennilegt og óvenjulegt því sem útlendingar eiga að venjast og því heillandi og skemmtileg viðbót við að sinna viðskiptum.

Dæmi um tækifæri : Samtvinnun fjármála og ferðamála.

Fullvíst má telja að þær breytingar sem átt hafa sér stað í umhverfi íslendinga þjóði upp á tækifæri, tækifæri til að þróa upp dýrar þjónustugreinar við hin stóru markaðssvæði heimsins á sviði fjármála og ferðamála, en þróun þessara tveggja greina fer mjög vel saman þar sem fólk og fyrirtæki vilja heimsækja peningana sína. Kosturinn við að þróa upp fjármálaþjónustu hér á landi fyrir umheiminn er því sá að t.d. ferðaiðnaðurinn myndi njóta mjög góðs af, þar eð ferðalög tengd fjármálum eiga sér stað allan ársins hring. Þessi atvinnugrein gæfi því tilefni til mun betri nýtingar á þeim fjárfestingum sem ráðist hefur verið í. Þessi stefna myndi svo leiða til þess að erlendar peningastofnanir myndu telja það áhugavert að setja hér upp útibú, en það gæti svo leyst þann samkeppnisvanda sem ríkistjórnin álitur íslenska fjármagnsmarkaðinn vera í.

Mikilvægt að halda sérstöðu.

Framangreindar hugmyndir eru dæmi um mikilvæg tækifæri til vaxtar hér á landi á sama tíma og augljósir vaxtabroddar sjást ekki í hefðbundnum atvinnugreinum eins og getið var hér að framan. Þó að t.d. fiskveiðar og fiskvinnsla hafi skilað Íslendingum þangað sem þeir eru í dag þá er ekki með raunsæi og sanngirni hægt að gera þá kröfu að þessar atvinnugreinar haldi einar uppi velferðarþjóðfélagi um ókomna framtíð vegna takmarkaðra auðlinda og annarra ógnanna. Þess vegna verður að leita nýrra leiða. En til þess að hægt sé að fara þá leið sem hér hefur verið nefnd verður að viðhalda sérstöðu lands og þjóðar með því að standa utan efnahagsbandalaga þannig að Íslendingar týni ekki séreinkennum sínum en byggji þess í stað á sérsamningum. Þeir samningar verða svo að styðjast við styrkleika lands og þjóðar við samningaborðið en það er einmitt verkefni stjórnámálanna og sérfræðinga að finna þá styrkleika.

Stefnumarkandi úttekt og endurskilgreining auðlinda.

Mikilvægt er að framkvæmd verði stefnumarkandi úttekt sem miði að því að tengja auðlindir landsins við tækifæri í umhverfinu og markmiðið hlyti að vera að **flytja inn hálaunastörf á kostnað láglaunastarfanna.**

Verði það niðurstaðan að Ísland eigi erindi sem framtíðar fjármálaland til að þjóna umheiminum er mikilvægt að sem breiðust pólitísk samstaða náist um þá leið þegar í

upphafi. En til þess að hægt sé að flytja hálaunuð þjónustustörf inni landið verða landsmenn og stjórnámálamenn að hugsa öðruvísi en áður og skilgreina auðlindir landsins upp á nýtt. Sú skilgreining gæti m.a. falist í staðsetningu landsins og að fólkið, menntun og kúltúr þess og fleiri styrkleikar sem nefndir voru hér sem dæmi að framan yrðu taldir auðlindir en ekki eingöngu fiskimiðin eða fallvötn. Stefnumarkandi úttekt er því nauðsynleg vegna þess að eins og sagt hefur verið : "Ef þjóðin veit ekki hvert hún ætlar, þá mun hún lenda á einhverjum öðrum stað."

Frekari dæmi um svið á hinum alþjóðlega markaði með fjármagn og þjónustu þar sem Íslendingar gætu mögulega haft hlutverki að gegna eru að heimila alþjóðlegum fyrirtækjum og fjármálstofnunum að hafa hér aðsetur, höfuðstöðvar, fjármálastjórn, söluskrifstofur o.fl. Til þess að þeim þætti þetta fýsilegt og spennandi mál yrðu að koma til ýmsar tilhliðranir t.d. í skatta- og gjaldeyrismálum og síður strangar reglur á sviði skuldsetningur en jafnframt strangari bankaleynd en gerist í flestum öðrum löndum.

Það er áhugavert í þessu sambandi að íslenska fjármálakerfið, sérstaklega bankakerfið, hefur mikla ónýtta afkastagetu og hlýtur sú viðbót sem fram kæmi með framangreindum hætti að vera kærkomin fyrir þær stofnanir. Jafnframt hefðu þær í auknum mæli þörf fyrir hámenntað fólk við að sinna þeim alþjóðlegu viðskiptavinum sem aflað yrði.

Það er ljóst að ekki þarf að koma til stór hlutdeild í hinum alþjóðlega fjármagnsmarkaði til þess að þessi þróun gæti haft afgerandi áhrif á íslenskt efnahagslíf. Smábrot úr prósentu væri nægjanlegt og jafngilti þetta stóriðju fyrir landið nema að í þessu tilviki værum við að tala um mengunarlausu stóriðju sem ekki krefðist stórra fjárfestinga eða langs undirbúningstíma af hálfu þjóðarinnar. Þensluáhrif uppbyggingarinnar yrðu því ekki jafn mikil. Í þessu sambandi er spurningin hvað ætla Íslendingar að gera ef t.d. samhæfðari reglur Evrópubandalaganna hefðu þau áhrif að ýmsar tegundir fjármálaþjónustu færu frá Luxembourg. Eiga Íslendingar ekki að reyna að ná þeim viðskiptum í stað þess að láta aðra fá frítt spil í þeim efnum? En til þess að slíkum viðskiptum sé náð þarf markvissa stefnu.

"Electronic free zones"

Eflaust má hafa uppi ýmis mótrök gegn því sem hér hefur verið tíundað að framan s.s. að til Íslands sæki óæskilegir viðskiptavinir og að penningakerfi landsmanna sé ekki í stakk búið til að taka við stórauknum viðskiptum. Til að komast hjá því að hingað sæki "skítug" viðskipti þarf strax skýrar og vissar lágmarksreglur. Eins þarf að taka tillit til þess að innlendir fjármagnsmarkaður er veikburða og aðskilnaður því e.t.v. æskilegur. Til að halda erlendum fjármunum aðskildum frá innlendum er leikur einn að búa til tvö eða fleiri svæði í tölvum bankakerfisins og verðbréfafyrirtækja eða svonefnd "electronic free zones".

Bretar komu t.d. á öflugum alþjóðlegum gjaldeyrisviðskiptum eftir stríð þó að hömlur væru þá í gildi gagnvart Bretum sjálfum. Í Singapore eru einnig aðskilin kerfi.

Niðurlag.

Mjög mikilvægt er þótt á móti blási í efnahagsmálum, að Íslendingar sökkvi sér ekki ofan í vælið og svartsýnina. Halda verður bjartsýni, víkka sjóndeildarhringinn, brjótast út úr gamla sérhagsmuna hugsanahættinum og reyna nýjar leiðir sem byggja á menntun og getu landsmanna. Íslendingar verða að átta sig á því að umhverfið hefur verið að breytast, bæði innanlands og erlendis. Þær breytingar skapa okkur tækifæri til að skapa meiri velferð á Íslandi, langþráðan stöðugleika og stærri og stöðugri þjóðarköku þannig að hægt verði að hætta þeirri iðju að rífast um það að einn fái meira en annar af minnkandi þjóðarköku. Það hlýtur að vera aðalatriðið að stækka kökuna svo að sem flestir geti fengið meira.



Gunnar Helgi Hálfánarson.

V

AÐFERÐIR TIL AÐ STYRKJA ÍMYND ÍSLANDS
SEM ÞJÓÐAR SEM ANNT ER UM
UMHVERFISMÁL

Trausti Valsson
arkitekt og skipulagsfræðingur Ph.D.
Júní 1989

Aðferðir til að styrkja ímynd Íslands
sem þjóðar sem annnt er um
umhverfismál.

Ritgerðin er unnin sem verkefni í Environmental Policy Planning við Berkeleyháskóla 1982. Þýðingin er höfundar og hafa tölur verið færðar fram til ársins 1989.

I. Útdráttur

Í ritgerð þessari er það ætlun mín að skilgreina hvað það er, sem telja má til séreinkenna Íslands í aðalatriðum og gera síðan tillögur um hvernig þróa megi ímynd landsins er tekur til umhverfismála. Í því efni er tekið nokkuð mið af því hvaða stöðu Ísland getur haft innan þeirrar ímyndaðar sem Norðurlönd hafa aflað sér.

Gerð er tillaga um að koma á fót umhverfismálastofnun á Íslandi, stofnun sem myndi reyna að ná alþjóðlegri stöðu og viðurkenningu með því að veita árlega verðlaun fyrir framlag til umhverfismála.

Stofnunin gæti t.d. orðið samnorræn, en með því móti væri hægt að fá henni nægilega styrkan akademískan bak-hjarl. Þannig nýttist okkur einnig hið góða álit, sem Norðurlöndin njóta í umhverfismálum.

II. Um ímynd Norðurlandþjóðanna

Á tímum sérhæfingar og margbreytni er sérhverri þjóð, sem og sérhverjum einstaklingi, orðið nauðsynlegt að rækta með sér öflug séreinkenni.

Norðurlöndum hefur tekist þetta allvel innan ýmissa

greina, þótt þau séu ekki stór og hafi úr tiltölulega litlu að spila. En það, sem í fyrstu gæti virst ókostur, eins og smæð virðist vera, getur í raun reynst kostur ef það er notað á réttan hátt.

Snemma á þessari öld tóku Norðurlandþjóðirnar að gera sér grein fyrir, að þær gætu gegnt mikilvægu hlutverki í stofnun og þróun alþjóðlegra stofnana, einmitt vegna þess hve smáar þær eru og hafa því, eðlilega, ekki átt í miklum útistöðum við aðrar þjóðir.

Sem dæmi má nefna að þessar þjóðir tóku þátt í stofnun Sameinuðu þjóðanna og gáfu m.a. innréttingarnar í aðalsali höfuðstöðvanna í New York. Átti þetta þátt í að styrkja ímynd Skandínava sem frábærra innréttingahönnuða.

Frá Skandinavíu komu einnig fyrstu aðalritarar samtakanna, þ.e. Norðmaðurinn Tryggve Lie og síðan Svíinn Dag Hammarskjöld.

Hvað stjórnsmál og hagkerfi varðar, hafa Norðurlönd kosið að fara meðalveginn og úr orðið heillarák blanda af félags- og markaðshyggju. Þetta hlutleysi hefur leitt til þess, að bæði austur- og vesturblokkinn hafa treyst þeim í alþjóðlegu pólitísku starfi (Noregur, Danmörk og Ísland eru þó meðlimir í NATO).

Ímynd þessara þjóða sem friðarboðar, trúboðar og þróunarhjálparmenn í þriðja heiminum hefur leitt til þess að flest þriðja heims lönd hafa getað sætt sig við Norðurlandamenn í leiðtogastöðum alþjóðlegra stofnana.

Nóbelsverðlaunin (veitt af Svíum og Norðmönnum) eiga mikinn þátt í að styrkja ímynd Skandínava sem réttisýna og sjálfstæða "dómendur" í málum er snerta heimsmeninguna. Og það eru reyndar aðeins smáar þjóðir sem geta náð álíka stöðu er tekur til veitingar alþjóðlegra verðlauna, - eða hver getur, - svo dæmi sé nefnt, - treyst óhlutdrægni bandarískra eða sovéskra stofnana þegar þær veita friðar- eða bókmenntaverðlaun?

Sú virðing og viðurkenning sem einstakar Norðurlandaþjóðir eða fólk frá þessum löndum ávinnur sér kemur öllum Norðurlandþjóðunum til góða.

Þekktustu framlög og þekktustu einstaklingar innan

vísinda og listgreina o.s.frv., eru eftirfarandi:

Listgreinar - Ísland: Íslendingasögurnar, Laxness, Erro. Svíþjóð: Strindberg, Lagerlöf, Bergmann. Noregur: Björnson, Hainsen, Grieg. Danmörk: H.C. Andersen, J.V. Jensen. Finnland: Sibelius, Aalto.

Vísindi - Danmörk: Bohr, Brahe. Svíþjóð: Linné, von Enler.

Hönnun - Finnland: Textíll, glervara, arkitektúr. Svíþjóð: Húsgögn, vinna með tré. Danmörk: Arkitektúr, iðnhönnun, húsgögn. Ísland: Ullarvara, textílar.

Framleiðsluvara - Svíþjóð: Bílar, flugvélar, málunar. Danmörk: Matvara, bjór. Noregur: Skipasmíðar, olía, málunar. Finnland: Pappírsvara, efnaiðnaður. Ísland: Fiskur, ullarvara.

Íþróttir - Skíða- og skautaíþróttir, bifreiðar, frjálsar íþróttir og skák. Nefna má að Norðurlandapjóðirnar hafa unnið til um 200 gullverðlauna á Ólymíuleikum.

Einkenni Norðurlandapjóða eru almennt sagt, að þær vinna skipulega og af þrótti. Stig lífsgæða er hátt, áhugi er mikill á listum sem og á menningararfinum sem nær allt aftur til víkinganna.

Norðurlandabúar sækja mikið í útivist og til ferðalaga á hinum víðáttumiklu óbyggðasvæðum, og gera mikið þeim til verndunar.

Þeir láta sér líka mjög annt um hið byggða og félagslega umhverfi og hafa komið fram með frumlegar lausnir á þessum sviðum. Borgarskipulag og félagskerfi frá Norðurlöndum eru tíðum álitin vera til fyrirmyndar.

Árangur þessara fimm landa, sem til samans hafa minni fólksfjölda en Kalifornía (23 milljónir) og eru aðeins um 0,5% af íbúafjölda heimsins, er afar athyglisverður.

III. Um þróun íslenskrar ímyndar.

Þó Íslendingar séu mjög smáþjóð (aðeins um 250.000) og telji aðeins um 1% Norðurlandabúa, hafa þeir þó lagt alldrjúgan skerf til hinnar sameiginlegu norrænu ímyndar, bæði í fortíð og nútíð.

Mikilvægasta framlag Íslands er verndun og viðhald

sagnarfleifðarinnar frá víkingatímum. Um 90% gömlu handritanna og sagnanna voru rituð á Íslandi og í dag er ein mikilvægasta rannsóknarstofnunin á þessu sviði í uppbyggingu við Háskóla Íslands.

Í málefnum lífumhverfis hefur Ísland átt allgóðan hlut er tekur til þróunar alþjóðlegrar löggjafar. Þetta kemur til vegna þarfar Íslendinga á að vernda fiskstofna sína frá ofveiði ("Þorskastríðinu") og nauðsynin á að halda hafinu hreinu frá mengun frá iðnpjóðunum. Starf að þessum málum leiddi til samþykktar hins mikilvæga Hafréttarsáttmála.

Þar sem útflutningur Íslendinga er rúmlega 70% fiskur og þar sem við förum mjög nærri hámarks afkastagetu fiskstofnanna, er þekking á vistfræðikerfum hafanna okkur mjög mikilvæg.

Hafrannsóknarstofnun (sem á nokkur rannsóknarskip) vinnur að þessu verkefni og sú vistfræðilega skipulagsvinna og stjórnun fiskveiða við Ísland samkvæmt henni, er með því fullkornasta sem þekktist í þessari tegund skipulags í heiminum.

Vistkerfi á landi eru líka mjög viðkvæm á Íslandi vegna kaldrar og harðrar veðráttu. Vegna þessa og vegna fegurðar hinnar tiltölulega lítt snortnu náttúru Íslands í voru dreifbýla landi, berum við Íslendingar verndun hennar mjög fyrir brjósti.

Og við lítum reyndar á þessa fögru náttúru sem eina af mestu auðlindunum, auðlindir fyrir bæði okkur sjálf og erlenda gesti að njóta. Hingað koma því sérstaklega náttúruunnendur til að skoða náttúruna og njóta kyrrðar og einveru.

Auk hinnar ósnortnu náttúru hefur Ísland mikla sérstöðu vegna þess, að aðeins hér kemur hinn mikli Atlandshafshryggur á land. Þetta er orsökinn fyrir hinu óvenjulega fjölbreytta landslagi, með eldfjöllum hraunbreiðum, goshverum, hverasvæðum o.s.frv.

Þetta gerir Ísland mjög áhugavert fyrir jarðfræðinga, sem leiddi til þess að Norðurlandþjóðirnar stofnuðu Norrænu eldfjallastöðina við Háskóla Íslands.

Að lifa með hættum og að vinna jafnframt úr þeim

kostum, sem eldvirkninni tengjast, á sér langa sögu á Íslandi. T.d. eru um 81% húsa hituð með jarðvarma, en hús var fyrst hitað upp með hveravatni fyrir um 85 árum. Vegna þessarar miklu reynslu hafa því margar erlendar stofnanir og ríkisstjórnir leitað eftir ráðgjöf og samvinnu við íslenska sérfræðinga á þessu sviði.

Þannig hefur t.d. Háskóli Sameinuðu þjóðanna jarðhita-deild í Reykjavík, þar sem vísindamenn frá löndum eins og Kína, Indónesíu og Mið-Ameríku fá þjálfun.

Framangreind atriði sýna okkur að Ísland býr yfir ýmsu á sviði umhverfismála sem án efa hefur alþjóðlega þýðingu og vegna þessa hafa íslenskir vísindamenn öðlast reynslu og viðurkenningu innan fyrrnefndra fagsviða.

Ályktun sú sem ég dreg af þessu er sú, að rétt væri fyrir Ísland að þróa ímynd sína áfram í þessa átt, og hafi Norðurlönd áhuga á að hefja samvinnu um öfluglega miðstöð fyrir umhverfissóknir, býður Ísland líklega uppá einna besta staðsetningu fyrir slíka miðstöð.

Það er að sjálfsögðu ókostur, að Háskóli Íslands er svo lítill og einnig lítt þróaður, utan fyrrnefndra greina, sem stafar einfaldlega af því, hve Ísland hefur lága íbúatölu.

En ef tekst að þróa Ísland áfram sem aðsetur alþjóðlegra rannsóknarstofnana, geta þessar stofnanir í Reykjavík veitt sameiginlega þann nauðsynlega bakhjarl þekkingar og upplýsinga, sem umhverfismálastofnun í fremstu röð þarfnast.

Við skulum nú velta fyrir okkur möguleikum í þróun áætlunar um framgang málsins. Gerum t.d. ráð fyrir, að Norðurlandaráð mundi samþykkja að auka starfssvið Norrænu eldfjallastöðvarinnar þannig, að hún gæti veitt þjónustu og starfsaðstöðu fyrir þá fjölmörgu náttúruvísindamenn sem koma til Íslands á hverju ári.

Hugsanlega gæti þetta svo leitt til þess að Háskóli Sameinuðu þjóðanna vildi koma inn í þetta samstarf t.d. með því að víkka sitt starfssvið út til fleiri greina. Þetta gæti fært okkur nær því markmiði að stofna fullburða umhverfismálamiðstöð.

Í dag hafa einnig náðst sambönd við mikilhæfa erlenda háskóla, t.d. í Kaliforníu. Tveir íslenskir vísindamenn hafa starfað þar lengi, Jón Steinar Guðmundsson í Stanford (nú hjá Orkustofnun) og svo Guðmundur Böðvarsson, sem starfar við Lawrence Berkeley.

Tækjalán, skipti á upplýsingum og gagnkvæmar heim- sóknir eiga sér stað, og hugsanlega geta sambönd sem þessi hjálpað til við stofnun umhverfismálastöðvar í Reykjavík.

Annar þáttur hugleiðinga minna um hvernig styrkja megi ímynd Íslands sem þjóðar, er annt er um umhverfismál, er sú hugmynd að stofna til alþjóðlegra verðlauna fyrir framúrskarandi framlög til umhverfismála.

Eins og fyrr var nefnt, legg ég til að Norðurlönd sameinist um umhverfismálamiðstöð í Reykjavík, því slík miðstöð er nauðsynleg, sem faglegur og fjárhagslegur bakhjarl fyrir slík verðlaun.

Verðlaunin væru mikilvægt framlag til stuðnings hinna fjölmörgu umhverfismála í heiminum í dag. Þau myndu vekja þjóðir heimsins til umhugsunar um þessi mál, sem sum hver eru hugsanlega einhver þau mikilvægustu er varða framtíð mannkyns hér á jörðinni.

Frekari styrking þeirrar ímyndar norrænna þjóða, sem þjóða sem bera umhverfismál mjög fyrir brjósti og eru þar í fylkingarbroddi, gæti einnig haft hreinan efnahagslegan ávinning fyrir þær.

IV. Þróun umhverfismála í heiminum

Til að geta skilið betur stöðu Íslands og annarra norrænna þjóða innan sviðs umhverfismála, er nauðsynlegt að líta stuttlega á þróunarsögu þessara mála og jafnframt reyna að meta hver eru mikilvægustu málefrin á þessu sviði í heiminum í dag.

Á sjöunda áratugnum fór áhrifa hinnar geysimiklu iðnaðaruppbyggingar á umhverfið að gæta. Og var þetta fyrst og fremst í eldri iðnríkjunum.

Við uppgötvuðum nú skyndilega að það eru til ákveðin mörk þar sem náttúran og mannfólkið hætta að þola mengunina. Og á sama tíma byrjum við að gera okkur grein fyrir

að þær auðlindir sem iðnríkin byggja afkomu sína á, eru tæmanlegar auðlindir.

Þegar þetta kom fram varð það mikið áfall fyrir þjóðir heimsins og málaflokkurinn "umhverfismál" - sem áður var næstum óþekktur - varð skyndilega einn mikilvægasti og mest umræddi málaflokkur í heiminum.

Ög það verður að segjast að vísindamenn, stjórnmálamenn og almenningur tóku mjög vel við sér.

Ég mun nú nefna nokkra helstu áfangana í þessari sögu: Árið 1968 hittist hópur vísindamanna í Róm að frumkvæði A. Peccie. Leiddi þetta til stofnunar hins fræga Rómarklúbbs, sem tók nú í samvinnu við MIT í Bandaríkjunum, að gefa út skýrslur um umhverfismálefni. Frægasta skýrsla klúbbsins varð "Limits of Growth" (1972).

Það var einnig á þessu sama ári, 1968, sem Svíþjóð átti frumkvæði að ályktun Sameinuðu þjóðanna, um að kvatt skyldi til alheimsráðstefnu um umhverfisvandamálin.

Þetta varð hin mjög svo árangursríka Stokkhólmsráðstefna árið 1972, en tveimur árum áður höfðu Sameinuðu þjóðirnar þó efnt til umhverfismálaárs.

Undirbúningur ráðstefnunnar tók langan tíma og tóku 27 þjóðir þátt í því starfi.

Fimm vinnuhópar voru settir á fót: Einn hópur fyrir heildarályktunina (Magna Carta), en hinir fyrir jarðveg, mælitækni, verndun og mengun jarðvegs og um höfin. Ísland átti fulltrúa í síðastnefnda hópnum, og hluti af framlagi okkar var það, að íslenska ríkisstjórnin átti frumkvæði að fundi um málið í Reykjavík. Á þeim fundi komust fulltrúar 29 þjóða að samkomulagi um texta fyrir ráðstefnuna í júní.

Um haustið var þessi texti síðan þróaður til alþjóðlegrar samþykktar í Lundúnum.

Einnig hefur Ísland tekið virkan þátt í ráðstefnum þeim sem leiddu til setningar Alþjóðlegu hafréttarlaganna 1980.

Fyrsti dagur Stokkhólmsráðstefnunnar, 5. júní, var ákveðinn stofndagur nýrrar Sameinuðu þjóða stofnunar, sem nefnist Umhverfisstarfssviðið, Environmental Programme (UNEP). Höfuðstöðvar þess eru í Nairóbí í Keníu ásamt

systurstofuninni Miðstöð Sameinuðu þjóðanna um málefni mannvistar, UN Center for Human Settlements (Habitat).

Fyrsta ráðstefnan um síðarnefnda starfssviðið var haldin í Vancouver í Kanada árið 1975. Einnig þar var málefnum áður dreift milli hinna ýmsu stofnana Sameinuðu þjóðanna.

5. júní er haldinn hátíðlegur ár hvert sem dagur jarðarinnar og hverju sinni helgaður einhverju ákveðnu málefni.

Þróun endurskipulags, lík þeirri sem gerðist innan Sameinuðu þjóðanna byrjaði einnig hjá ríkisstjórnnum og háskólum á líkum tíma. Umhverfismálaráðuneyti voru stofnuð og háskólar tóku að bjóða nám sem tengja mörg fagsvið eins og t.d. umhverfisskipulag.

Vegna þess að málefni UNEP snertir svo mörg fagsvið starfar þessi stofnun í nánum tengslum við ýmsar aðrar Sameinuðu þjóða stofnanir, svo sem WHO (heilbrigði), FAO (landbúnaður), UNESCO (menntun), UNIDO (iðnaður) og UNCHS (byggðasvæði).

Forgangsstarfsviðin eru:

1. Byggðasvæði og heilsa
2. Vistkerfi sem spanna hnöttinn
3. Umhverfi og þróun
4. Höfin
5. Orka
6. Náttúruhamfarir

Árið 1982 var heildarvelta UNEP orðin 70 milljónir dollara og fóru af því um 45 milljónir í hin ýmsu verkefni. Starfsmenn voru þá orðnir 500 og 150 af þeim hópi voru fræðimenn. Á sama tíma var UNEP búið að gefa út yfir 350 rit.

V. Sjálfstæðar stofnanir og verðlaun

Sjálfstæðar stofnanir sem fást við málefni sem ná til einstakra staða, svæða eða þá jarðarinnar allrar eru mjög mikilvægar, því starfssviðin og sjónarmiðin eru svo mörg. Og að sjálfsögðu felst gildi þeirra ekki síst í sjálfstæði

þeirra.

Meðal þjóða heims finnast margar merkar stofnanir sem starfa að mikilvægum málefnum og sumar þeirra starfa fyrst og fremst að umhverfismálum. Má þar nefna The World Wildlife Fund, Alexander von Humbolt verðlaunin og Europa Nostra.

Hvað varðar umhverfismál í víðasta skilningi, er ekki að sjá að nein meiriháttar stofnun sé til, sem beitir sér að slíkri heildarmynd. Þetta kann að vera vegna þess hve starfssviðið er nýtt, og líklega einnig vegna þess hve erfitt það yrði fyrir sjálfstæða stofnun að ná utan um svo vítt starfssvið. Jafnvel að ná saman öllum nauðsynlegum sérfræðingum er mjög erfitt. Og jafnvel stærstu háskólum reynist erfitt að ná öllu litrófi þeirra greina sem nauðsynlegt er fyrir slíkar rannsóknir.

Vegna þessa eru það aðeins fáar stofnanir í heiminum fyrir utan Sameinuðu þjóðirnar sem hafa bolmagn til að láta heyra frá sér um umhverfismál, þannig að jafnvægi skoðana þeirra, faglega og pólitískt, sé treystandi.

Það væri á hinn bóginn mjög æskilegt, að til væri slík sjálfstæð stofnun utan Sameinuðu þjóðanna, því Sameinuðu þjóðirnar eiga í mörgum tilfellum erfitt með að gefa álit á viðkvæmum málefnum, sem eru þó oft meðal mest brennandi málefna.

Árið 1976 hófu Sameinuðu þjóðirnar að veita Pahlevi umhverfisverðlaunin (50.000 dollarar), sem gefin voru af keisaranum í Íran. Eftir að keisaranum var steypt af stóli voru verðlaunin lögð niður.

Vegna þessa er hér ófyllt skarð tel ég, að hér sé í raun einstakt tækifæri til að ná hér sérstöðu án þess að þurfa að standa í þeirri geysihörðu samkeppni sem ríkir t.d. á sviði bókmenntaverðlauna.

Af sömu ástæðum tel ég einnig, að betra sé að umhverfismálaverðlaun séu veitt af sjálfstæðri stofnun í hlutlausu landi, en ef Sameinuðu þjóðirnar gerðu það.

Þar sem svona stofnun þarf mjög breiðan akademískan bakhjarl, tel ég það vera góða hugmynd að hópur hlutlausra þjóða, sem teljast mega líklegar til að komast að óvil-

höllum niðurstöðum, sameinist um að veita slík verðlaun. En föst, vísindaleg stofnun yrði þó að vera í einu af þessum löndum.

Ég hef áður lýst stuttlega þeirri virðingu og stöðu sem Norðurlöndin búa yfir í þessu sambandi.

Nú vakna tvær spurningar.

Hvaða stofnanir ættu að velja verðlaunaneftndina og hver er líklegur til að geta lagt fram fé til verðlauna auk annars kostnaðar?

Svarið við fyrri spurningunni er líklega úrval nokkurra háskóla og vísindastofnana. Og svarið við þeirri seinni er líklega ríkisstjórnir og e.t.v. einnig fyrirtæki.

Það er hugsanlegt að hugmyndir um að gera þetta að nýjum Nóbelsverðlaunum sé könnuð. Sænska akademían hefur þegar veitt fordæmi fyrir nýjum verðlaunum með samvinnu við Svíþjóðarbanka um Nóbelsverðlaunin í hagfræði.

Upphaflegu verðlaunin eru á eftirfarandi sviðum: Friður, eðlisfræði, efnafræði, líffræði eða læknisfræði og bókmenntir (hver um 100.000 dollarar 1982).

Pahlevi verðlaunin, sem veitt voru af Sameinuðu þjóðunum en hafa verið lögð niður, gefa vísbendingu um vídd þess sviðs sem ný umhverfismálaverðlaun gætu náð til: Árið 1976 M. Strong forstjóri UNEP, 1977 J.Y. Cousteau haffræðingur og Sir P. Scott frá World Wildlife Fund, 1978 Thor Heyerdal landkönnuður og M. El-Kassas plöntuvistfræðingur.

VI. Um staðsetningu umhverfismálastofnunar á Íslandi

Ef við gerum nú ráð fyrir að Norðurlönd myndu ákveða að koma á fót stofnun þar sem þær í sameiningu ynnu að ýmsum umhverfismálum heimsins, þá myndi spurningin um staðsetningu hennar koma upp.

Í þessum kafla reyni ég að setja fram tillögur um hvert skipulag slíkrar stofnunar gæti orðið og athuga hvaða kröfum um staðsetningu Ísland gæti fullnægt.

Það mikilvæga í sambandi við slíka stofnun er, að hún þarf að hafa alþjóðlegu gæðastigi. Eini möguleikinn til að ná því, í jafnsmáu landi og Íslandi, er að stofna rannsóknarmiðstöð þar sem erlendir vísindamenn koma til dvalar frá

3 mánuðum til 2ja ára, til að vinna við einstæðar umhverfisaðstæður.

Vísindasvið þar sem Ísland bíður upp á einstakar aðstæður eru:

- landreksfræði
- virk eldfjöll
- goshverir
- jarðhitaorkan og hagnýting hennar
- hin nýja eldfjallaeyja Surtsey var einangruð strax um leið og hún myndaðist. Þar er einstakt tækifæri að fylgjast með þróun hennar.
- haffræði og vistfræði fiskstofnanna
- vistfræðilegt skipulag fyrir bestu hagnýtingu fiskstofnanna.

Þetta eru allt svið þar sem sérstöðu nýtur á Íslandi og mikilvægi þeirra, - nýting jarðhita og vistfræðilegt skipulag - verða stórir málaflokkar í framtíðinni.

Stærsta vandamálið í sambandi við Ísland er hve háskólinn er smár (4700 nemendur). Þetta þýðir að ekki er hægt að tengja rannsóknirnar kennslu nema að litlu leyti. Bókasafnið er líka lítið, sem kynni að skipta minna máli í framtíðinni með tölvutengslum við erlenda upplýsingabanka.

Áhuginn á jarðfræðipáttum Íslands hefur þegar sannast því margir vísindaleiðangrar sækja Ísland heim á hverju ári. Þjóða mætti þessum leiðöngrum að vinna í samvinnu við rannsóknarstofnunina.

Eins og nú stendur er lítið vitað hvað þessir vísindamenn eru að aðhafast og fyrir nokkrum árum kom upp andstaða vegna hinna mörgu leiðangra frá Sovétríkjunum. Tillaga kom fram um að banna þeim áframhaldandi rannsóknir, en Sovétmenn urðu þá að leggja fram allar vísindaniðurstöður sínar í enskri þýðingu sem merki um vilja til samstarfs.

E.t.v. gæti þessi rannsóknarmiðstöð reynt að stuðla að þróun samskipta austurs og vesturs í umhverfismálum.

Norræna eldfjallastöðin í Reykjavík gæti orðið kjarni stofnunarinnar og e.t.v. væri hægt að fá deild Háskóla Sameinuðu þjóðanna stækkaða og skipulagða til að geta

starfað með rannsóknarstofnuninni.

Hin tiltölulega óspillta og fagra náttúra Íslands myndi auka aðdráttaraflið fyrir vísindamenn að koma hingað til rannsóknarstarfa.

Aðstæður fyrir ráðstefnur af miðlungsstærð þurfa að vera fyrir hendi í tengslum við stofnunina. Þessar aðstæður eru fyrir hendi og ráðstefnuhald hefur tekist vel eins og kom í ljós á heimsmeistaræinvíginu í skák milli Spassky og Fisher 1972 og í fundi Reagans og Gorbachevs 1986.

Að þróa heilsárs ráðstefnuhald er forgangsmál hjá íslenskum yfirvöldum og mjög mikilvægt til að fá góða nýtingu á hótelum, utan aðal ferðamannatímans.

Erfið krafa til lands, sem heimaland verðlaunanna verður að uppfylla, er að þar verður helst allt að vera til fyrirmyndar í umhverfismálefnum. Hér á Íslandi er við vanda að stríða í sambandi við sel- og hvalveiðarnar. Verið gæti að hvalveiðum verði hætt fljótlega (skrifað 1982), en mikilvægt er að halda selastofninum í skefjum, því selir éta mikinn fisk og þeir dreifa líka hringorminum í mikilvæga fiskstofna. En flestar þjóðir eru tengdar einhverjum slíkum óvinsælum málum.

Þegar litið hefur verið á þau helstu atriði er snerta málið virðast vera möguleikar á að staðsetja slíka stofnun á Íslandi. Enda þótt starfssvið þess yrði ekki víðtækt, gæti það með stuðningi hérlendra og erlendra gestavísindamanna, myndað þann nauðsynlega grunn sem athugun á hugsanlegum verðlaunahöfum krefst. Endanleg ákvörðun um verðlaunaveitingarnar væri þó í höndum samnorrænnar nefndar.

Ég býst við að flestum muni finnast þessar hugmyndir um of háleitar. En jafnvel þótt umhverfismálastofnunin og verðlaunin komi aldrei til framkvæmda, virðist það ekki úr vegi að þróa nokkur skref í átt til ímyndar Íslands sem lands, sem lætur sér annt um umhverfismál.

Heimildir:

Encyclopedia Britannica
(1972 útgáfa). - Um Alfred Nobel
og Nobelsverðlaunin

Winners - The Blue Ribbon
Encyclopedia of Awards. -
Facts on File Inc. 1982

Vistkreppa eða Náttúruvernd
eftir Hjörleif Guttormsson
Mál og Menning 1974

Bæklingar um uppbyggingu
Sameinuðu þjóðanna

Bæklingar um UNEP og UNCHS.
Fást t.d. hjá höfuðstöðvum þessara
stofnana í Nairobi í New York